



1. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025
haldinn miðvikudaginn 5. júní 2024, kl. 11:45,
Raunvísindastofnun, Dunhagi.

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Kolbeinn Hólmur Stefánsson, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. maí 2024.
2. Stjórn skipti með sér verkum.
3. Kjaramál, staða mála.
4. 7. gr. vinnan og virðismat starfa.
5. Fundur 27. maí sl. um HERU.
6. Fundur 30. maí sl. um þarfagreiningu vakta- og viðverukerfi.
7. Erindi frá Pétri Henry, tp. dags. 15. maí sl.

1. Fundargerð 7. maí 2024

Fundargerðin var samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar

Ákveðið var að Jens Guðmundur Hjörleifsson verði varaformaður, Íris Davíðsdóttir verði ritari stjórnar og Íris Hrönn Guðjónsdóttir verði gjaldkeri stjórnar á starfsári stjórnar 2024 til 2025.

3. Kjaramál

Baldvin sagði frá stöðunni. Samvinna milli félaganna þriggja Fh, FPR og FHA hefur verið mikil og góð í undirbúningi nýs kjarasamnings. Til stendur að formenn félaganna muni eiga fundi með rektorum háskólanna til að kynna kröfugerðina og fá skilning á stöðunni. Nú þegar hefur verið fundað með rektor HA.

Farið var yfir kröfugerð og óskaði Baldvin eftir því að stjórnarfolk kæmi með ábendingar og athugasemdir við hana.

Baldvin sagði frá samvinnu BHM13. Haldir hafa verið sex fundir með SNR þar sem m.a. hefur verið rætt um svokölluðu stóru mál s.s. námsleyfi, vinnutími, orlof, veikindi barna, rafræna auðkenningu (símtæki). Þá stefnir BHM13 á að leggja fram heildstæðan kálf á næsta fundi sem verður haldinn 13. júní nk.

Vakin var athygli á því að rektor HÍ hefur ákveðið að starfsfólk eigi að hefja vinnu aftur að loknu sumarfríi 11. ágúst nk. Það þýðir almennt að akademískt starfsfólk nær ekki samfelldu sex vikna sumarleyfi.

Baldvin sagði frá því að samninganefnir háskólafélaganna þriggja eiga fund með SNR.

4. Vinna við 7. grein og virðismat starfa

Baldvin sagði frá stöðunni í vinnu við 7. grein og vendigum í virðismati starfa.

6. Vakta- og viðverukefi erindi frá Mannauðssviði HÍ

Jens og Ármann sögðu frá fundi vegna málsins með fjársýslunni. Fjársýslan er að endurskoða launakerfi og hefur gert útboð á kerfi sem tekur á A-hluta stofnunum ríkisins, með það að markmiði að gera það sjálfbært (minnka að handfærslu í kerfi). Fulltrúar Fh og FPR fóru á fundinn þar sem þeim var kynnt sú hugmynd hvort möguleiki væri á að skrá vinnu akademískra starfsmanna. Með því móti væri hægt að sjá og sannreyna álag á akademísku starfsfólki. Ef félögin eru tilbúin í þessa vegferð þá verður stofnaður úrtakshópur sem skráir sína vinnu og tíma. Þetta snýr einnig að veikindum og orlofi. Ekkert var ákveðið að þessu sinni.

Ármann telur að í þessu geti felist ýmis tækifæri og finnst hugmyndin áhugaverð. Málið rætt og flestir jákvæðir fyrir þessu.

7. Erindi frá PH

Málið rætt og frestað til næsta fundar.

5. HERA

Íris D. og Baldvin sögðu frá. HERA er nýtt starfsmatskerfi sem á að koma í stað SKREFs fyrir starfsfólk stjórnsýslu. Ætlunin er að taka það upp næstu áramót. Fulltrúum félagsins hefur verið boðað til kynningafundar.

Önnur mál:

Ármann sagði frá vinnu um akademískt frelsi, sem verður m.a. rætt á norrænum fundi 12. júní nk. Baldvin vakti athygli á ýmsum málum sem upp komið undanfarið, þar sem HÍ hefur gert atlögu að réttindum og kjörum starfsfólks.

Fleira ekki gert og fundi lauk kl. 13:30

Næsi fundur óákveðinn.